

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2015/2017****2018/EES/29/17****frá 11. nóvember 2015**

um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar aðlöguðu stuðlana til að reikna út gjaldþolskröfu fyrir gjaldmiðlaáhættu vegna gjaldmiðla sem bundnir eru við evru í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) ⁽¹⁾, einkum c-lið 2. mgr. 109. gr. a,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í aðlögununum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð er tekið tillit til nákvæmra viðmiða sem sett eru fram í 5. mgr. 188. gr. framseldu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 ⁽²⁾.
- 2) Til að tryggja samræmda meðferð gjaldmiðla sem bundnir eru við evru í útreikningi á gjaldþolskröfu vegna gjaldmiðlaáhættu, ætti að kveða á um aðlagða stuðla vegna gjaldmiðlaáhættu sem tengist umreikningsgengi milli evru og gjaldmiðla sem bundnir eru við evru sem og í tengslum við umreikningsgengi á milli tveggja gjaldmiðla sem bundnir eru við evru.
- 3) Þessi reglugerð byggir á frumvarpi að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin hefur lagt fram fyrir framkvæmdastjórnina.
- 4) Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um frumvarpið að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem þessi reglugerð byggir á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álitum hagsmunahóps í váttryggingum og endurtryggingum sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 ⁽³⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.***Aðlagðir stuðlar vegna gjaldmiðlaáhættu þegar innlendir eða erlendir gjaldmiðill er evra**

Þegar innlendir eða erlendir gjaldmiðill er evra, að því er varðar 3. og 4. mgr. 188. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, er 25% stuðlinum skipt út með:

- a) 0,39% þegar hinn gjaldmiðillinn er dönsk króna (DKK),
- b) 1,81% þegar hinn gjaldmiðillinn er búlgarskt lef (BGN),
- c) 2,18% þegar hinn gjaldmiðillinn er vesturafrískur CFA franki (BCEAO) (XOF),
- d) 1,96% þegar hinn gjaldmiðillinn er miðafrískur CFA franki (BEAC) (XAF),
- e) 2,00% þegar hinn gjaldmiðillinn er kómoreyskur franki (KMF).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 295, 12.11.2015, bls. 21. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2018 frá 23. mars 2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1.

⁽²⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 frá 10. október 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stjútíð. ESB L 12, 17.1.2015, bls. 1).

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/79/EB (Stjútíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48).

*2. gr.***Aðlagðir stuðlar vegna gjaldmiðlaáhrættu þegar innlendir eða erlendir gjaldmiðill er bundinn við evru**

Að því er varðar 3. og 4. mgr. 188. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, er 25% stuðlinum skipt út með:

- a) 2,24% þegar gjaldmiðlarnir tveir eru dönsk króna DKK og búlgarskt lef BGN,
- b) 2,62% þegar gjaldmiðlarnir tveir eru dönsk króna DKK og vesturafrískur franki XOF,
- c) 2,40% þegar gjaldmiðlarnir tveir eru dönsk króna DKK og miðafrískur franki XAF,
- d) 2,44% þegar gjaldmiðlarnir tveir eru dönsk króna DKK og kómóreysskur franki KMF,
- e) 4,06% þegar gjaldmiðlarnir tveir eru búlgarskt lef BGN og vesturafrískur franki XOF,
- f) 3,85% þegar gjaldmiðlarnir tveir eru búlgarskt lef BGN og miðafrískur franki XAF,
- g) 3,89% þegar gjaldmiðlarnir tveir eru búlgarskt lef BGN og kómóreysskur franki KMF,
- h) 4,23% þegar gjaldmiðlarnir tveir eru vesturafrískur franki XOF og miðafrískur franki XAF,
- i) 4,27% þegar gjaldmiðlarnir tveir eru vesturafrískur franki XOF og kómóreysskur franki KMF,
- j) 4,04 % þegar gjaldmiðlarnir tveir eru miðafrískur franki XAF og kómóreysskur franki KMF,

*3. gr.***Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. nóvember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.